

Alþingi
Erindi nr. P/132/2005
komudagur 4.5.2006

Allsherjafnd Alþingis
b.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur
Nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


4. maí 2006


Umsögn Félags prófessora í Háskóla Íslands og Félags háskólakennara um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vísinda- og tækniráð
Þingskjal 1080, mál nr. 744, lagt fyrir Alþingi á 132 löggjafarþingi árið 2005-2006

Félag prófessora og Félag háskólakennara í Háskóla Íslands hafa kynnt sér frumvarp til breytinga á lögum um vísinda- og tækniráð. Með frumvarpinu virðist gæta aukinnar áherslu á vægi atvinnuþróunar- og byggðamála innan ráðsins. Jafnvel kann að vera ástæða til að ætla að stefna stjórnvalda í atvinnu- og byggðamálum á hverjum tíma geti ráðið meiru um úthlutun rannsóknafjár en hreint vísindalegt inntak verkefnanna. Félögin telja mjög óæskilegt að tengja saman byggðarmál og vísindi. Styrkveitingar til rannsókna í grunnvísindum mega aðeins byggjast á vísindalegum gæðum rannsóknaverkefna og vísindalegri hæfni umsækjenda. Slíkar styrkveitingar verða ætíð að vera óháðar landsmálapólitík. Á sama hátt verða styrkir til hagnýtra rannsókna ávallt að byggjast á hæfni umsækjenda og hversu líklegt verkefnið er til að leiða til aukinnar verðmætasköpunar. Markmið styrkveitinga til grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna er að efla samkeppnishæfni þjóðarinnar og því má aldrei tengja slíkar styrkveitingar byggðarstefnu stjórnvalda. Styrkir til atvinnusköpunar á landsbyggðinni eiga að koma úr sérstökum byggðasjóðum þar sem byggðamál geta vegið þyngra við úthlutanir en vísindaleg hæfni umsækjenda eða gæði verkefnanna. Markmið slíkra styrkveitinga er að efla byggð úti á landi.

Félag prófessora og Félag háskólakennara eru mjög fylgjandi stefnu stjórnvalda varðandi sameiningu skyldra rannsóknastofnana í nokkrar stærri og telja að slíkar sameiningar muni styrkja þær og gera þeim kleift að takast á við stærri verkefni. Myndun fárra en hlutfallslega stórra stofnana mun auka samkeppnishæfni þjóðarinnar. Nefna má að hentug staðsetning slíkrar stofnunar gæti verið í Vísindagörðum í Vatnsmýrinni.

Virðingarfyllst,


Þorsteinn Loftsson,
formaður Félags prófessora í Háskóla Íslands


Jóhannes R. Sveinsson,
formaður Félags háskólakennara